



Reykjavík, 4. júní 2021
PON21060002

Til borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja undirbúning og innkaup á nýjum innri innkaupa- og aðgangsvef fyrir borgina.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja undirbúning og innkaup á nýjum innri innkaupa- og aðgangsvef fyrir borgina. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2021 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-ADGANGSVEFUR. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er júní 2021 t/m október 2021.

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 4. júní 2021.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Reykjavík, 4. júní 2021

PON21060002

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð**Sendandi:** Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja undirbúning og innkaup á nýjum innri innkaupa- og aðgangsvef fyrir borgina.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja undirbúning og innkaup á nýjum innri innkaupa- og aðgangsvef fyrir borgina. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2021 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-ADGANGSVEFUR. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er júní 2021 t/m október 2021.

Forsaga:

Hjá Reykjavíkurborg starfa um 500 stjórnendur og er heildarfjöldi starfsfólks um 11.000. Stjórnendur þurfa reglulega að panta vél- og hugbúnað fyrir starfsfólk til að sinna sínum störfum en pönunarferlinu tilheyrir oft tímafrekt umstang fyrir alla aðila.

Ferlið á núverandi pöntunarvef fyrir vél- og hugbúnað er mjög tímafrekt, óskilvirkt og ógagnsætt. Allt frá upphaflegri pöntun fyrir starfsfólk, yfir í samþykktarferlið fyrir stjórnendur/samþykktaraðila. Ferlarnir sem nú eru til staðar eru ekki sjálfvirkir, bjóða ekki upp nauðsynlegar tengingar við önnur kerfi og hætt er á mannlegum mistökum við gerð pantana. Í núverandi kerfi fylgja oft ekki nægilegar upplýsingar með pöntunarbeiðnum til að klára afgreiðslu. Í kjölfarið þarf því að kalla eftir ítarlegri upplýsingum frá beiðanda og afgreiðsla á pöntun tefst. Lýsingu á hug- og vélbúnaði er ábótavant á núverandi pöntunarvef og ferlið því ekki nægilega gegnsætt.

Núverandi lausn er komin á enda lífdaga. Því er nauðsynlegt að kaupa inn nýjan innri innkaupa- og aðgangsvef sem leysir gamla umsóknarvefinn af hólmi og styðja mun við allar helstu þarfir stjórnenda og starfsfólks borgarinnar varðandi pantanir og innkaup á vél- og hugbúnaði.

Greinagerð:

Reykjavík er einn stærsti vinnustaður landsins. Innleiðing á nýjum innri innkaupa- og aðgangsvef fyrir borgina hefur það að markmiðið tryggja að starfsumhverfið séu búið nútímalegum innkaupa- og aðgangsvef sem uppfyllir þarfir stjórnenda og starfsfólks um lausn sem er notendavæn og gerir þeim kleift að vera með skilvirkt ferli fyrir vél- og hugbúnað. Ferlarnir verði einfaldari og sjálfvirknivæddir að hluta til, og nauðsynlegri tengingu við önnur tækni- og umhverfi verði komið á í þeim tilgangi að auðvelda bæði stjórnendum og starfsfólki störf sín þegar panta þarf vél- og/eða hugbúnað til kaupa eða leigu.



Innkaupa- og aðgangsvefurinn mun koma til með að verða fyrsti snertiflötur fyrir stjórnendur og starfsfólk í innkaupaferlinu þegar panta þarf vél- og/eða hugbúnað. Viðmótið verður áþekkt því sem þekkist í vefverslunum af hvers kyns tagi, þar sem vörur eru einfaldlega valdar og settar í körfu. Það mun auðvelda beiðanda að nálgast þann búnað sem í boði er, kynna sér lýsingu á búnaðinum og já verð, en slíkt eykur kostnaðarvitund bæði starfsfólks og stjórnenda. Stjórnendur og samþykktaraðilar fá síðan til sín pöntunina til samþykktar í gegnum sjálfvirk ferli og öðlast þar með skýrari yfirsýn yfir þann vél- og hugbúnað sem starfsfólk þeirra pantar inn sem og heildræna sýn á samþykktir. Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar mun með þessu einnig fá betri stjórn á vöruúrvali, yfirsýn á búnaði og meðhöndlun sérpantana.

Helsti ávinningur af verkefninu er notendavæn og skilvirk lausn sem auðveldar samþykktarferlið sem og pöntunarferlið fyrir starfsfólk. Innkaup á vél- og hugbúnaði fara einnig fram í gegnum miðlæga stýringu með aukinni kostnaðarvitund, rekjanleika og yfirsýn. Skráning á innkaupum verður sjálfvirk sem auðveldar eignastýringu. Betri stjórnun verður á vöruúrvali ásamt því að auðvelda meðhöndlun sérpantana. Tímasparnaður beiðenda er jafnframt stór ábati af verkefninu, m.a. með því að tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi beiðnum og liggi fyrir frá upphafi.

Kostnaður vegna verkefnisins verður greiddur af eignasjóði sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars sl. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: Stafræn umbreyting - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-ADGANGSVEFUR.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur